



Græni liturinn

Græni liturinn hefur sérstaka merkingu innan íslams og stendur yfirleitt sem tákn þess meðal annarra trúarbragða heimsins. Grænan lit má einnig finna í moskum og í hinum ýmsum þjóðfánum íslamsríkja eins og Pakistan, Afganistan og Sádi-arabíu.

Græni liturinn er nefndur í Kóraninum en þar segir að íbúar paradísar séu klæddir grænum flíkum úr silki. Þar



Túrban er sérstakt höfuðfat sem er einskonar trefill sem vafinn er á sérstakan hátt um höfuðið.

Kalífar voru trúarlegir og pólitískir leiðtogar múslima eftir daga Múhameðs en kalífi þýðir fulltrúi eða arftaki.

sem múslimar efast ekki um orð Kóransins þá er þetta staðfesting á mikilvægi litarins. Ekki eru til aðrar staðfestingar á litnum en sögur, sem hafa meira þjóðsagnagildi heldur en trúarlegt gildi, hafa nefnt að grænn hafi verði uppáhalds litur Múhameðs og bæði skikkja hans og túrban hafi verið græn. Einnig að eftir að Múhameð lést hafi aðeins kalífar mátt bera grænan túrban. Aðrir vilja meina að liturinn sé tákn gróðurs og lífs og því sé hann notaður. Hins vegar voru íslamskir hermenn klæddir í grænan búning.

Spurningar

1. Hvaðan kemur sú hugmynd múslima að græni liturinn sé mikilvægur?
2. Nefndu tvö dæmi sem tengjast íslam þar sem grænn litur er notaður.
3. Litir eru oft notaðir til að tákna ákveðnar tilfinningar eða eiginleika? Hvað dettur þér t.d. fyrst í hug þegar þú sérð bleikan lit? En svartan? Geturðu nefnt önnur dæmi?
4. Hver er þinn uppáhaldslitur og hvers vegna?